Í LAUSASÖLU 295 | ÁSKRIFT 3390 | HELGARÁSKRIFT 2070 | PDF Á MBL.IS 1950

5691100

Ritstjórn: *ritstjorn@mbl.is*
Auglýsingar: *augl@mbl.is*
Áskrift: *askrift@mbl.is* | *sími 5691100*
mbl.is: *netfrett@mbl.is*

5 690900 090000

# Morgunblaðið

ÞRIÐJUDAGUR 13. OKTÓBER 286. DAGUR ÁRSINS 2009



SPARIÐ MEIRA EN HELMING MEÐ ÁSKRIFT

Morgunblaðið bíður eftir þér þegar þú vaknar á morgnana

# Á leið til stjarnanna

● Vann stjörnuskoðunarferð til Kanaríeyja í samkeppni um bestu ritgerðina um sjónauka ● Fékk áhugann fimm ára

**Eftir Baldur Arnarson**
baldura@mbl.is

SIGURÐUR Jón Júlíusson var fimm ára gamall þegar með honum kviknaði leiftrandi áhugi á stjörnuhimninum og furðum hans. Bókin *Leiðsögn til stjarnanna* eftir Ingvar Agnarsson var lesin upp til agna. Síðan varð ekki aftur snúið, ef undanskilið er hlé á unglingsárunum þegar lífið kallaði stundarkorn í aðrar áttir.

Nú heldur eldhuginn ungi til móts við stjörnurnar því hann bar sigur úr býtum í ritgerðasamkeppni meðal framhaldsskólanema í tilefni alþjóðlegs árs stjörnufræðinnar.

Ritgerðarefnið var stjörnusjónaukar á jörðu og valið í minningu þess að nú eru fjórar aldir liðnar frá því að hugsuðurinn Galíleó Galílei uppgötvaði fjögur tungl Júpíters.

Með Sigurði Jóni í för verður stjarnvísindamaðurinn Vilhelm S. Sigmundsson, höfundur bókarinnar *Nútíma stjörnufræði*, en í desember munu þeir hitta fyrir sigurvegara hinna Norðurlandaþjóðanna á eyjunni La Palma, þar sem norræni stjörnusjónaukinn er staðsettur. Þar fá þeir tækifæri til að sinna rannsóknum í tvo daga með aðstoð sérfræðinga, með búnaði sem tekur stjörnusjónaukanum í Valhúsaskóla langt fram.

### Carl Sagan í uppáhaldi

Inntur eftir því hvaða höfundar séu í uppáhaldi segir Sigurður Jón að Carl Sagan komi upp í hugann og bækur hans um himingeiminn. Þá hafi hann 12 ára gamall byrjað að lesa *Alheiminn í hnotskurn* eftir stjarneðlisfræðinginn Stephen W. Hawking. Eftir stúdentspróf á náttúrufræðibraut við Menntaskólann í Hamrahlíð hafi skilningurinn á stjarneðlisfræðinni aukist en fordómalaus afstaða til lífs á öðrum hnöttum ekki breyst. Hann mæti spurningunni með opnum huga.



Ljósmynd/ Vilhelm S. Sigmundsson

**Stjörnuskoðarar** Sigurður Jón Júlíusson, sigurvegari í ritgerðarsamkeppni framhaldsskólanna, og Vignir Már Lýðsson, sem lenti í öðru sæti.



Morgunblaðið/Heiddi

## Sveppi og félagar halda toppsætinu

**ÍSLENSKA kvikmyndin Algjör Sveppi og leitin að Villa heldur áfram að gera það gott í kvikmyndahúsunum.**

**Myndin situr í efsta sæti bíólistans þriðju vikuna í röð og hafa ríflega 23 þúsund aðgöngumiðar selst á myndina. Myndin er sýnd í sjö kvikmyndasölum og greinilegt að fjölskyldur landsins hafa verið duglegar að sækja myndina um helgar.**

**Sveppi og félagar hafa staðist áhlaup frá hinni geysivinsælu sænsku mynd Stúlkan sem lék sér að eldinum. Hún var sýnd í fimm sölum um helgina og fylgir fast á eftir Sveppa.**

**Íslenska heimildarmyndin Guð blessi Ísland, sem frumsýnd var síðastliðinn þriðjudag, fór upp í fimmta sæti bíólistans. | 32**

## MYNDLISTARMENN MÓTMÆLTU VIÐ FOLD




Morgunblaðið/Kristinn

**Á ANNAN tug myndlistarmanna tók sér stöðu við Gallerí Fold í Reykjavík í gærkvöldi til að mótmæla því að galleríið hefur ekki skilað svonefndu fylgiréttargjaldi af seldum verkum til Myndstefs. Uppboð fór þar fram. Meðal mótmælenda var myndlistarkonan Rúrí. | 27**

FÓLK Í FRÉTTUM »

**TÓNLIST/DANS**

### Ólafur Arnalds tekur þátt í frumsýningu dansverks



■ Í kvöld verður nýtt dansverk Waynes McGregors – eins umtalaðasta danshöfundar heims í dag – frumsýnt í Lundúnum. Kallast það *DYAD 1909* en tónlistina þar á **Ólafur okkar Arnalds** og mun hann sjálfur taka þátt í flutningi hennar. Verkið verður svo flutt víða um heim í kjölfarið. Tónlistin kemur út í efnislegu formi fyrir jól og vinnur Ólafur nú hörðum höndum að þeirri útgáfu í nánu samstarfi við hirðljósmyndara sinn, Stuart Bailes.

**ÍÞRÓTTIR**

### Viðbrigði hjá Eiði Smára en hann hefur engar áhyggjur



■ „Það er fínt að brjóta þetta upp, spila með landsliðinu og hitta fjölskyldu og vini í leiðinni,“ sagði **Eiður Smári Guðjohnsen** í samtali við Morgunblaðið í gær en hann spilar með landsliðinu í fótbolta gegn Suður-Afríku á Laugardalsvelli í kvöld. „Þetta fer að koma hjá mér. Það voru gríðarlega mikil viðbrigði að fara til Mónakó og breytingin aðeins meiri en ég átti von á. Ég hef hins vegar engar áhyggjur,“ sagði Eiður. | Íþróttir

**LEIKLIST**

### Ilmur hleypur í skarðið fyrir Maríu í Bláa gullinu



■ Líkt og sagt var frá í Morgunblaðinu í gær sleit leikkonan María Pálsdóttir hásin á frumsýningu leikritsins Bláa gullsins á laugardaginn var. Í verkinu fara þrír trúðar með áhorfendur í ævintýraferð um undraheima vatnsins. María lét slysið ekki stöðva sig og lauk sýningunni með sóma. Nú hafa þær fréttir borist að leikkonan **Ilmur Kristjánsdóttir** ætli að hlaupa í skarðið fyrir Maríu þar til hún nær sér í fætinum.

**>>MEST LESIÐ Á mbl.is**

1. Andlát: Árni Grétar Finnsson
2. Enginn vill sjá þrýstnar konur
3. Dýrin voru öll með salmonellu
4. „Enn í hálfgerðu sjokki“

Gengisskráning 12. október 2009

| | Kaup | Sala | Mið |
|---|---|---|---|
| DOLLARI | 124,5 | 125,1 | 124,8 |
| STERLINGSPUND | 196,78 | 197,74 | 197,26 |
| KANADADOLLARI | 120,4 | 121,1 | 120,75 |
| DÖNSK KRÓNA | 24,688 | 24,832 | 24,76 |
| NORSK KRÓNA | 22,041 | 22,171 | 22,106 |
| SÆNSK KRÓNA | 17,815 | 17,919 | 17,867 |
| SVISSN. FRANKI | 121,08 | 121,76 | 121,42 |
| JAPANSKT JEN | 1,3796 | 1,3876 | 1,3836 |
| SDR | 197,12 | 198,3 | 197,71 |
| EVRA | 183,8 | 184,82 | 184,31 |
| MEÐALGENGI/VIÐSKIPTAVOG ÞRÖNG | | | 236,1548 |

Heimild: Seðlabanki Íslands

■ **Íslenska krónan** styrktist um 0,14%

VEÐUR »

**Heitast 10 °C | Kaldast 5 °C**



■ **Sunnan og suðvestan 3-10 og úrkomulítið, léttir til á norðaustanverðu landinu. Hiti víða 5 til 10 stig.** » 10

**>>VEÐUR mbl.is**

## Menning

FÓLK »



Útlitið aðalatriðið á Style Awards. »33

AF LISTUM »

### Flúið á vídeóleiguna

Ferð út á vídeóleigu getur í sumum tilfellum verið dálítið sorgleg, eins konar flótti frá raunheimum. »30

KVIKMYNDIR »



Lars lofar óhamingjuendi. »29

KVIKMYNDIR »



Pósturinn Páll á leið í þrívíddarbíó. »30

TÓNLIST »

### Sometime og Finnland

Hljómsveitin Sometime endurútgefur plötu sína Supercalifragilisticexpialidocious og vekur athygli Finna. »28